



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á goslokaþingi í Vestmannaeyjum
3. júlí 2023**

Forsætisráðherra,
sendiherrar,
bæjarstjóri,
aðrir Eyjamenn og góðir gestir.

„Fundur haldinn 3. júlí 1973 í Almannavarnanefnd Vestmannaeyja samþykkir svohljóðandi tilkynningu: Að mati sérfræðinga og vísindamanna er það staðreynd að gígurinn er lokaður og gosvirkni í fellinu hætt.“

Með þessum orðum hófst yfirlýsing almannavarnanefndarinnar hér í bæ fyrir hálfri öld. Jarðeldurinn var úti, rúmu misseri eftir að eldsprunga opnaðist nærri þeim stað sem við nú stöndum á. Fyrstu stundirnar, aðfaranótt 23. janúar, tókst að flytja alla bæjarbúa á brott en hvað tæki svo við? Enginn fékk þá vitað hve lengi umbrotin myndu vara, hve miklum óskunda þau gætu valdið, hvenær og hvort Eyjamenn næðu að snúa á ný til heimkynna sinna og vinnustaða.

Alla þessa óvissu orðaði forseti Íslands svo vel í ávarpi til þjóðarinnar sama dag og hamfarirnar hófust. Um leið lýsti hann þeirri sameiginlegu von og bæn allra landsmanna að mannlíf í Eyjum myndi blómgast á ný. Og að lokum sagði Kristján Eldjárn það sem satt var þá og gildir vonandi alla tíð: „Það þarf minna en þessi ósköp til að Íslendingar finni að þessi fámenna þjóð er líkust stórrí fjölskyldu sem veit að það sem á einn er lagt, það er lagt á alla.“

Ágætu Eyjamenn og aðrir áheyrendur: Við fögnum því nú með gleði í hjarta að hörmungunum linnti. Við fögnum goslokum og horfum björtum augum fram á veg.

Við minnumst þess einnig að um þessar mundir eru sextíu ár frá því að eldsumbrot hófust hér sunnan og vestan af. Nýtt land reis þá úr sæ og fékk um síðir heitið Surtsey þótt ekki hafi allir Eyjamenn verið sáttir við það nafn. Æ

síðan hefur verið fylgst með flóru og fánu á eyinni, stunduð þar ýmis vísindi og fræði.

Í byrjun þessa árs komum við líka mörg saman hér á Heimaey, minntumst þeirra tímamóta að fimmtíu ár voru liðin frá því að gosið hófst. Blysför var gengin frá Landakirkju, við fórum undir sálnahliðið sem á eru letuð ritningarorðin sterku: „Ég lifi og þér munuð lifa.“ Mánuðum saman spúðu náttúruöflin eldi og eimyrju en aldrei hvarf steinboginn undir ösku.

Á göngunni góðu hinn dimma vetrardag sáum við hvert annað í bjarma blysanna. Við fundum, hygg ég, öll svo vel þann samhug sem hér getur ríkt, þann samhug sem forseti landsins lýsti á sínum tíma og ég veit að við Íslendingar getum enn sýnt þegar þörfin knýr.

Næstu daga og vikur fann ég þó líka að fólk vill ekki aðeins muna það sem vel gekk og vel var gert. Vissulega stendur það allt upp úr; einingin og eljan, stritið og líka vitið, ekki síst nýstárlegar leiðir við að hægja á hraunstraumnum – sömuleiðis alls kyns aðstoð uppi á fastalandi, heimili til lengri eða skemmri tíma, atvinna og nýir útgerðarstaðir um stundarsakir, skólabekkir fyrir börn og ungmenni.

Þetta ber að þakka, að ekki sé minnst á að einungis einn maður lét lífið á eyinni þá mánuði sem gosið geisaði. Metum líka allan atbeina að utan, fjárstuðning og tækjabúnað, að ógleymdri hressingardvöl á Norðurlöndum fyrir Eyjapeyja og -pæjur.

Þessa sögu þekkjum við vel. Á sínum tíma fylgdust landsmenn náíð með gangi mála. Fluttar voru fréttir héðan og þar var Árni Johnsen í fylkingarbrjósti, Eyjamaður í húð og hár. Frásagnir, heimildir og minningar höfum við síðan geymt víða, meðal annars í Eldheimum þar sem fræðast má um hremmingarnar miklu, hinar gífurlegu skemmdir og endurreisn byggðarinnar.

Já, söguna alla skulum við geyma og segja í öllum sínum blæbrigðum. Þannig verður best tryggt að við lærum af henni. Þannig tryggjum við að næstu kynslóðir njóti góðs af fenginni reynslu, þau sem næst þurfa að mæta vá og vanda.

En kæru Eyjamenn! Nú skal ríkja kæti og kapp, gleði á góðri stundu. Hátíð er hafin og óvíða er fólki eins vel í blóð borið að fagna og hér á eyjunni fögru – enda birtast þau reglulega, tilefnin til þess arna. Núna í ár hömpuðu eyjarskeggjar Íslandsmeistaratitli í handbolta karla og kannski var það ekki aðeins kunnátta í þeirri ágætu íþrótt sem réð úrslitum. „Árið 1973 gaus í Vestmannaeyjum,“ sagði einn liðsmaðurinn eftir að sigur var í höfn: „Fólk var að moka og moka en aldrei sá högg á vatni. En samfélagið hætti aldrei að moka. Þetta samfélag varð sterkara fyrir vikið og við gefumst aldrei upp.“

Svipað er viðmót Margrétar Láru Viðarsdóttur, eins besta knattspyrnumanns Íslands fyrr og síðar. „Ég hugsa í lausnum og hef trú á því að ég geti tekist á við hvað sem er,“ sagði hún eitt sinn – og bætti svo við að Vestmannaeyjar séu að hennar mati fallegasti staður veraldar.

Kæru vinir: Fjarri er það mér að véfengja orð hinnar dáðu Eyjastúlku. Ég þakka í lokin þá gestrisni og góðvild sem við Eliza og fjölskyldan höfum ætíð notið á þessum slóðum. Gleðilega goslokahátíð!